

1861. skjali hins setta landfógeta, er bréfi þessu fylgja eptirrit af, að
 29. maím. dómsmálasjóðurinn ekki sé fær um að greiða laun þau, sem nú voru nefnd, nema tekið sé á vaxtafê hans, þá skorar dómsmálastjórnin á yður, að hlutast til um að alþingi, samkvæmt konungsúrskurði 19. marzm. 1858, þeim er fyr var getið, láti í ljósi álit sitt um það, hvernig eptirleiðis skuli fá fê til launa þessara; síðan eruð þér beðnir að senda hingað álitsskjal alþingis með athugasemdum yðar um málefnið.

1. júním. **21. Konungleg Auglýsing til Alþingis, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1859.**

Vér Friðrik hinn Sjöundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slèsvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg, sendum Voru trúá alþingi á Voru landi Íslandi kveðju guðs og Vora!

Af því, sem gjörzt hefir á alþingi árið 1859, höfum Vér séð með allrahæstri ánægju, hvernig alþingismenn Vorir hafa leitast við að efla Vort gagn og hag landsins; svo höfum Vér og með Konunglegri velþóknun tekið við þegnlegu þakkarávarpi alþingis fyrir það, er Vér höfum allramildilegast veitt, að hinn íslenzki texti laga þeirra, sem koma út fyrir Ísland, verði undirskrifaður af Konungi og hlutadeigandi ráðgjafa.

Vér höfum vandlega látið ihuga tillögur Vors trúá alþingis, um mál þau, er stjórnin bar undir álit þess árið 1859 og aðrar uppástungur þingsins, og munum Vér nú skýra hér í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefir verið af ráðið.

I.

Um þegnleg álitsmál, sem komin eru frá alþingi:

Þessar réttarbætur hafa gjörðar verið um þau mál, sem Vér höfum fengið um þegnlegar tillögur Vors trúá alþingis:

1. Opíð bréf 26. septemberm. 1860, um breyting á tilskipun 28. marzm. 1855 um sunnu- og helgidagahald á Íslandi.

2. Opið bréf s. d., um að leggja skatt á tómtúshús og óbyggðar lóðir í Reykjavík. 1861.
1. júnim.
3. Tilskipun 12. desemberm. 1860, um stofnun barnaskóla í Reykjavík.
4. Opið bréf 4. janúarm. 1861, er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvemberm. 1857, áhrærandi nákvæmari ákvarðanir um betrunarhússvinnu.
5. Opið bréf s. d., er lögleiðir á Íslandi með breytingum lög 30. nóvemberm. 1857 um innkallanir í búum.
6. Opið bréf s. d., er lögleiðir á Íslandi lög 29. desemberm. 1857 um myndugleik kvenna.
7. Tilskipun 15. marzm. 1861, um vegina á Íslandi.
8. Tilskipun 1. aprílm. 1861, um löggilding nýrrar jarðabókar fyrir Ísland; og var hin nýja jarðabók sama dag allramildilegast staðfest.
9. Opið bréf s. d. um það, hvernig endurgjalda skuli kostnað þann, er risið hefir af jarðamatinu á Íslandi, og til bráðabýrgða hefir greiddur verið úr jarðabókarstöði Íslands.

Þegar lagaboð þessi hafa verið samin, hafa verið vandlega íhugaðar athugasemdir þær, er alþingi hefir gjört um þau, og hefir sumum þeirra eptir því verið breytt í ýmsu, ýmislegt verið nákvæmar á kveðið og ýmsu við bætt.

Viðvíkjandi þegnlegri uppástungu alþingis árið 1857 um, að lögleidd yrðu á Íslandi með breytingum lög 2. aprílm. 1855 um innköllun hinna gömlu ríkisorta, skal skýrskotað til auglýsingar frá fjárhagsstjórninni, er út kom 30. júlímánaðar 1860.

Eptir þegnlegri uppástungu alþingis höfum Vær allramildilegast veitt, að almenn lagaboð, þau er virðast vera þess efnis, að þau beri að löggilda á Íslandi, verði hér eptir lögð fyrir alþingi sem lagafrumvörp á dönsku og íslenzku, hvert lagaboð útaf fyrir sig, með þeim breytingum, er þurfa þykir.

Um lagafrumvarp, er lagt var fyrir alþingi 1859, um laun ýmsra embættismanna á Íslandi, skal þess getið, að eptir að komið var þegnlegt álit alþingis um málið, var frumvarp þetta með nokkrum breytingum, er eptir því voru við það gjörðar,

1861. lagt fyrir ríkisþingið; en með því það mætti mótspyrnu á ríkisþinginu, að lögunum yrði framgengt, varð að hætta við málið að sinni.

II.

Um þegnlegar bænarskrár Vors trúa alþingis birtum Vær þinginu allramildilegast á þessa leið:

1. Þarsem alþingi í 1. og 2. niðurlagsatriði í þegnlegri bænarskrá sinni um fiskiveiðar útlendra þjóða við Ísland, m. m., hefir beðið um, að fiskiveiðunum við Ísland verði sérlegur gaumur gefinn, og að hvenær sem tiltækilegast þyki verði því farið á flot við stjórnirnar í þeim löndum, þar sem ójafnaðartollur er á fiski, að sá tollur verði af numinn, þá mun stjórnin láta sér framvegis vera mjög umhugað um þessi atriði. En hvað því næst snertir 3., 4. og 5. niðurlagsatriði bænarskrár þessarar, þá verður ekki uppfyllt sú ósk þingsins, að send verði til landsins smáskip þau, er það bað um, með því herskipastjórnin hefir ekki til slík skip, og það á hinn bóginn yrði óhæfilega dýrt að útvega sér þau; en bæði skal verða sent til Íslands herskip, svo opt sem því verður við komið, til að hafa gát á útlendum fiskiveiðamönnum, og til að halda reglu við strendur landsins, og svo skal einnig verða annazt um, að þegar þess verður æskt, verði á skipum þessum veitt viðtaka hæfilega mörgum Íslendingum, til að læra sjómennsku.
2. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um, að löggiltur verði verzlunarstaður á Skeljavík við Steingrímsfjörð í Stranda sýslu, þá verður nú lagafrumvarp um það efni lagt fyrir þingið. En þar sem alþingi enn fremur hefir beðið um, að Straumfjörður í Mýra sýslu einnig verði löggiltur sem verzlunarstaður, þá hefir sú uppástunga ekki orðið tekin til greina, með því ekki hafði verið farið að á löglegan hátt með bænarskrá þá, er um þetta kom til þingsins, er hún ekki var fengin neinni nefnd til meðferðar.
3. Þarsem alþingi í þegnlegri bænarskrá, er frá því kom um fjárkláðann á Íslandi, hefir í 1. kafla niðurlagsatriðanna lýst

1861.

1. júním.

yfir almennri óánægju yfir ráðstöfunum stjórnarinnar í máli þessu, og jafnvel þótt ástæða til að áskilja, að stjórnin hafi ábyrgð á því, þá er slíkt með öllu ástæðulaust, er því verður ekki neitað, að gjörðar hafa verið þær ráðstafanir, er bezt þóttu við eiga, til að vinna bug á fjárkláðanum, með ráði þeirra manna og yfirvalda, er skyn báru á málið, og kunnugt var um, hvernig ástatt var á landinu. Eigi verður heldur fallizt á, að nauðsynlegar séu eður hagfelldar ráðstafanir þær, sem alþingi hefir stungið upp á í II. kafla niðurlagsatriðanna í bænarskrá þessari, og hvað sér í lagi snertir uppástungu þess um, að sé sýkinni ekki algjörlega út rýmt um nýár 1861, þá verði lagt fyrir alþingi það ár lagafrumvarp um algjörða útrýmingu sýkinnar, þá getur þetta nú ekki orðið umtalsmál, með því svo má álíta, eptir embættisskýrslum, er komið hafa frá Íslandi, að sýkin sé nú gjörsamlega yfirbugð. Að öðru leyti mun fulltrúi Vor gefa þinginu bending, þá er með þarf, um nokkur atriði, er miklu varða, en ranghermt var um í þessari bænarskrá.

4. Eins og getið er um í konunglegri auglýsing til alþingis 27. maímánaðar 1857, hefir það verið yfirvegað, hvað tiltækilegast væri að gjöra, til að koma fram málinu um sveitastjórn á Íslandi, og hafa einnig viðburðir verið gjörðir þar að lútandi; en málið hefir þó ekki orðið undirbúið á þann hátt, að eptir þegnlegri bænarskrá alþingis verði í þetta skipti lagt fyrir þingið lagafrumvarp um það efni; eigi hefir heldur þótt ástæða til að láta búa til frumvarp til sérstaklegs lagaþóðs um það atriði, sem um er rætt í 3. uppástunguatriði í bænarskránni, því það atriði er óaðgreinanlegur liður í sveitastjórnarmálinu, og á því að skipa fyrir um það í sambandi við sveitastjórnarmálið sjálf; en að öðru leyti munum Vör hafa það hugfast, jafuskjótt og því verður við komið, að láta leggja fyrir alþingi lagafrumvarp um fyrirkomulag á öllu þessu málefni yfirhöfuð.
5. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um, að verzlunarstaðurinn Akureyri verði gjörður að kaupstað, hefir stjórnin samíð lagafrumvarp, er verður lagt fyrir alþingi það, er nú fer í hönd.

1861.

1. júnim.

6. Af hinum sömu ástæðum, sem fulltrúi Vor var látinn birta alþingi því, er síðast var haldið, hefir ítrekuð bæn þingsins um, að stofnaður verði kennsluskóli í Reykjavík handa íslenzkum lögfræðingaeftum, ekki orðið tekin til greina.
7. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um stofnun búnaðarskóla í hverju amti á Íslandi, hefir dómsmálastjórn Vor skrifað til öllum amtmönnunum á Íslandi.
8. Stjórninni hefir ekki þótt nein ástæða til að fallast á þegnlega bænarskrá alþingis um breyting á hjúskaparlögnum, og skal í því efni skýrskotað til þess, sem fulltrúi Vor lét í ljósi um málið, þá er það var rætt á alþingi.
9. Samkvæmt þegnlegri bænarskrá alþingis höfum Vör allra mildilegast fallizt á, að það sé boðið embættismönnum á Íslandi, þeim er falin er stjórn opinberra sjóða og stofnana, að birta á prenti greinilega og nákvæma reikninga um tekjur og gjöld slíkra sjóða og stofnana svo fljótt, sem verða má, eptir að ársreikningar eru samdir, og að gæta þess, að í hinum næsta reikningi, sem saminn verður eptir að hinir fyrri reikningarnir eru á enda kljáiðir, verði gjörð grein fyrir þeim breytingum, er á þeim hafa orðið, þá er útgjört var um þá, og er það einnig samþykkt, að kostnaður sá, er af þessu rís, gjaldist af eignum sjálfra sjóðanna og stofnananna.
10. Af þeim ástæðum, sem áður hafa verið birtar alþingi, höfum Vör ekki fundið ástæðu til að taka til greina þegnlega bænarskrá alþingis um, að gjörðir verði nýir reikningar um hinn íslenzka kollektusjóð m. m.
11. Áður en þegnleg bænarskrá kom frá alþingi 1859 um, að sèð yrði ráð við hallæri, er menn óttudust á Íslandi, var stjórnin þegar búin að gjöra ráðstafanir þær, er með þurfti í þessu efni, einkum á þann hátt, að sendur var kornforði til þeirra staða, þar sem hættast var við, að skortur mundi verða.
12. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um gjaldheimtu hins svo nefnda skatts á Íslandi, þá hefir það verið boðið amtmönnum þar að brýna fyrir sýslumönnum þeim, er þeir eiga yfir að bjóða, að fara eptir þeim ákvörðunum, sem stjórnin

1861.

1. júním.

- ad undanfögnu á ýmsum tímum, einkum í rentukammerbréfi 28. apríl. 1832, hefir sett um heimting skattsins; munum Vör ad öðru leyti láta fulltrúa Vorn birta þinginu nákvæmari skýrslu um þær ástæður, er hafa ráðið úrslitum máls þessa.
13. Stjórnarráð Vort fyrir kirkju- og kennslumál hefir skrifað til stiptyfirvöldunum á Íslandi útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um, ad veittur yrði styrkur til ad koma upp aptur föllnum ásaudarkúgildum á lénskirkjujörðum á Íslandi.
14. Þar sem alþingi í þegnlegri bænarskrá hefir beðið um, ad málinu um stjórnarfyrikomulag Íslands í ríkinu verði flýtt þannig, ad það geti orðið til lykta leitt, svo fljótt sem mögulegt er, þá er það sjálfsagt ad Vör, eins og sagt er í konunglegri auglýsing til alþingis 27. maím. 1859, framvegis munum láta oss vera mjög umhugað um þetta mál, og skal þess getið, ad þarsem fjárbagsmálið milli Íslands og konungsríkisins er svo nátengt málefni því, er hér ræðir um, öðru gjörðar þær ráðstafanir, er með þarf, til þess ad tæð málefni verði tekið til yfirvegunar.
15. Í því, sem tekið er fram í þegnlegri bænarskrá alþingis um betri læknaskipun á Íslandi, hefir ekki stjórnin fundið ástæðu til ad breyta áformi því, sem hefir verið fyrirhugað um, hvernig skipa skuli læknamálinu, og hefir fulltrúi Vör áður verið látinn birta þinginu aðalatriðin í áformi þessu. En vegna þess, ad nú sem stendur er skortur á læknum á Íslandi, þá hefir jafnframt þessu verið álitid vel til fallid, ad þangað til nógu mörg útlærð læknaefni fást, verði aðstodarlæknum veitt tilsögn í læknisfræðinni, einkum hjá landlækni, samkvæmt allrahæstum úrskurði 12. ágúst. 1848, og hefir dómsmálastjórn Vör árið sem leið gjört þar ad lútandi ráðstafanir. En ef það yrði álitid nauðsynlegt ad gjöra frekara til þess ad ná tilgangi þessum, þá mundi ekkert verða því til fyrirstöðu, ad til bráðabyrgða yrði skotið fè til þessa úr hinum íslenska spítalasjóði, en réttast hefir þótt ad bíða þess, hvort alþingi þætti ástæða til ad bera fram uppástungu í þessu efni.
- Þar sem alþingi enn á ný hefir beðið um, ad lagt yrði

1861.

1. júním.

fyrir þingið frumvarp um betri tilhögun á spítala tekjunum, þá skal þess getið, að stjórnin hefir enn eigi fengið frá embættismönnum á Íslandi skýrslur þær og uppástungur um fyrirkomulag máls þessa, sem beðið hefir verið um.

Viðvíkjandi uppástungu þeirri, er kom frá alþingi árið 1857 um, að þeir sem búnir væru að taka burtfarapróf á prestaskólanum og æsktu tilsagnar í læknisfræði, skyldu eiga kost á að fá slíka tilsögn ókeypis, annaðhvort hjá landlækni eður héraðslæknunum, þá hafa þeir fjórir héraðslæknar, er látið hafa í ljósi álit sitt um uppástungu þessa (frá landlæknium hefir ekkert álitsskjal komið), verið á því, að það væri óráðlegt að gjöra slíka ráðstöfun, og þar að auki lýst því yfir, að þeir gætu ekki tekizt á hendur að veita tilsögn þá, sem hér er um rætt; hefir því ekki þótt ástæða til að halda lengra fram í þetta.

Hvað snertir uppástungu, er kom frá alþingi 1857 um, að úr lögum sè numin sú ákvörðun í konungsbréfi 20. febr. 1750: „að þurfamenn á Vestmannaeyjum skuli njóta þeirra spítalahluta, er falla þar á eyjunum af fuglaveiði og fiska“, þá hefir ekki aðeins sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum fastlega verið á móti þessu, heldur hefir og amtmaðurinn ráðið frá, að fallizt væri á þessa uppástungu, og með því teknar hafa verið fram merkar ástæður þessu áliti til styrkingar, þá hefir þótt réttast, áður en farið væri lengra út í málið, að láta alþingi fá álitsskjölin til meðferðar, og þannig gefa því tækifæri á að taka málið fyrir á ný.

16. Útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um, að út komi lagaboð fyrir Ísland viðvíkjandi hegning fyrir illa meðferð á skepnum, þá verður nú frumvarp um þetta efni lagt fyrir þingið.

17. Með því nauðsynlegt var að útvega ýmsar nákvæmari skýrslur útaf þegnlegri bænarskrá alþingis um betri stjórn og afnot kristfjárjarða, þá hefir dómismálastjórn Vor skrifað biskupinum á Íslandi um þetta mál.

18. Útaf því, að til alþingis höfðu komið tvær umkvartanir yfir því, að amtmaðurinn í suðurumdæminu hefði neitað að endurgjalda úr jafnadsrjóði amtsins þann kostnað, samtals

1861.

1. júním.

697 rd. 56 sk., sem íbúar Skaptafellssýslu og Rangárvalla-
sýslu höfðu greitt árin 1857 og 1858 til fjárvarða vegna
fjárkláðans, þá hefir alþingi sent stjórninni þegnlega bænars-
skrá um, að þetta fê verði sem fyrst endurgoldið hlutaðeigend-
um. En um þetta efni skal þess getið, að alþingi hefði
ekki átt að taka málefni þetta til umræðu, því eptir til-
skipun 8. marzm. 1843, 77. gr., á alþingi ekki að gefa gaum
bænum og umkvörtunum einstakra manna, og undantekn-
ing sú, sem gjörð er frá tæðri ákvörðun í 2. lið greinarinnar,
getur ekki átt við þegar eins stendur á og hér er; því
ekki getur verið umtalsmál, að með þessu hafi verið óréttur
gjör einstökum mönnum, og þarf ekki að leiða önnur rök
að því, en að ráðstafanir þær, sem varið var til því fê
sem amtmáður hefir neitað að endurgjalda, voru sumpart
gjörðar án hans samþykkis og sumpart jafnvel eptir að hann
var búinn að lýsa því yfir, að þess væri eigi að vænta, að
kostnaðurinn yrði endurgoldinn. Samkvæmt því, sem ákveðið
er í 1. lið í þeirri grein alþingistilskipunarinnar, sem að
ofan er nefnd, hefði því þingið átt að skjóta málinu frá sér
til úrlausnar hlutaðeigandi yfirvalds.

Til staðfestingar allramildilegustum úrskurðum Vorum,
þeim er nú hefir verið getið, höfum Vêr sent yður þessa aug-
lýsing Vora, og heitum voru trúa alþingi hylli Vorri og kon-
unglegri mildi.

Gefið í Skoðsborg, 1. dag júnímánadar 1861.

22. Brêf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 1. júním. yfir Íslandi, um styrk handa Ólafi Guðmunds- syni á Einarsnesi til að kaupa prjónavefstað.

Samkvæmt þegnlegum tillögum innanríkisstjórnarinnar hefir
hans hátign konungurinn allramildilegast veitt Ólafi bónda Guð-
mundssyni á Einarsnesi í Mýrasýslu 230 ríkisdala styrk til að
útvega sér fyrir prjónavefstað, þó með því skilyrði, að hann